

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1002

2026/EES/24/25

frá 4. apríl 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir perklórat í baunum (*Phaseolus vulgaris*) með fræbelg (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 <sup>(2)</sup> voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum, þ.m.t. perklórat.
- 2) Hinn 30. september 2014 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um perklórat í matvælum, einkum aldinum og grænmeti, og komst að þeirri niðurstöðu að tilvist þess í tilteknum matvælum, þ.m.t. baunum (*Phaseolus vulgaris*) með fræbelg, væri heilsufarslegt áhyggjuefni <sup>(3)</sup>.
- 3) Hámarksgildi fyrir perklórat í margs konar matvælum voru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/685 <sup>(4)</sup> og þessi hámarksgildi voru felld inn í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915. Þó að ítarleg gögn um tilvist væru ekki tiltæk fyrir alla undirflokkana aldina og grænmetis þegar þessi gildi voru fastsett var almennt strangt hámarksgildi fastsett fyrir öll aldin og grænmeti, þ.m.t. baunir, til að tryggja öfluga heilsuvernd manna.
- 4) Yfirgripsmikil nýleg gögn um tilvist um magn perklórats sem er til staðar í baunum sýna þó að ekki er unnt að ná hámarksgildinu í baunum (*Phaseolus vulgaris*) með fræbelg á stórum framleiðsluvæðum í Sambandinu, jafnvel þó að góðum starfsvenjum sé beitt.
- 5) Því er rétt að hækka hámarksgildið fyrir perklórat í baunum (*Phaseolus vulgaris*) með fræbelg samkvæmt þeirri meginreglu að fastsetja skuli hámarksgildi við gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná með því að beita góðum starfsvenjum.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1002, 5.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103).

(3) „Scientific opinion on the risks to public health related to the presence of perchlorate in food, in particular fruits and vegetables.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(10), 3869, <https://doi:10.2903/j.efsa.2014.3869>.

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/685 frá 20. maí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir perklórat í tilteknum matvælum (Stjtið. ESB L 160, 25.5.2020, bls. 3).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað færslu 6.3.1 (aldin og grænmeti, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 6.3.1.1 og 6.3.1.2) í 6. lið (önnur aðskotæfni) í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 kemur effirfarandi:

„6.3.1	Aldin og grænmeti, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 6.3.1.1, 6.3.1.2 og 6.3.1.3	0,05
6.3.1.1	Aldin plantna af graskersætt og grænkál	0,10
6.3.1.2	Blaðgrænmeti og kryddjurtir	0,50
6.3.1.3	Baumir ( <i>Phaseolus vulgaris</i> ) með fræbelg	0,15“